



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi

Erindi nr. P 131/1119

komudagur. 22.3.2005

Alþingi

Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. mars 2005
Tilvísun: 2005030004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á fjárförf Samkeppnisstofnunar, 54. mál.

Alpýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um úttekt á fjárförf Samkeppnisstofnunar, 54. mál.

Alpýðusambandið hefur oft bent á mikilvægi þess að Samkeppnisstofnun verði tryggt nægilegt fjármagn til þess að stofnunin geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu með eðlilegum hætti.

Á liðnum árum hefur stofnunin fengið til úrvinnslu bæði stór og flókin mál sem tekið hafa mikinn tíma og fjármagn. Verulega hefur skort á að stofnunin hafi haft bolmagn til að klára þau verk á eðlilegum tíma eða getað sinnt ýmsum öðrum verkefnum með eðlilegum hætti.

Þetta hefur haft í för með sér ýmsar óæskilegar afleiðingar. Úrvinnsla mála hefur stundum tekið það langan tíma að Samkeppnisstofnun hefur ekki talið stætt á að sekta fyrirtæki, þrátt fyrir að stofnunin hafi talið þau sek um brot, sökum þess hve rannsókn tók langan tíma. Fyrirtæki sem sætt hafa rannsókn hafa þurft að bíða lengi eftir niðurstöðu. Slík bið getur valdið þeim verulegum skaða.

Þegar upp er staðið eru það neytendur sem skaðast ef Samkeppnisstofnun getur ekki sinnt öflugum og virku eftirliti með viðskiptalífínu.

Alpýðusambandið telur því æskilegt að fram fari vönduð úttekt á fjárförf Samkeppnisstofnunar.

F.h. Alpýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrásson
Hagfræðingur ASÍ